

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Dalabyggð.

Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkti þann 30. október 2019 breytingu á deiliskipulagi Hvamma í Búðardal sem staðfest var 15. október 2019. Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að lóðir 8 og 10 í Bakkahvammi eru sameinaðar í eina og þar er heimiluð uppbygging allt að 5 íbúða raðhúss á einni hæð. Tillagan var grenndarkynnt til 29. október en fresturinn var stytur þar sem fyrir lá samþykki nærliggjandi lóðarhafa. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga og öðlast þegar gildi.

Búðardal, 4. nóvember 2019.

Þórður Már Sigfússon skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 8. nóvember 2019